



Fyrsta smáforritið í jólaþema 2017 er Canva <https://canva.com>. Ég valdi það sérstaklega í tilefni þess að Android útgáfa forritsins kom út í gær (30.11.2017). Það er aðgengilegt í flestum vefvöfum og sem smáforrit fyrir iOS og Android tæki (sótt í Appstore og/eða Playstore).

Canva er ókeypis hönnunar- og umbrotsforrit sem er mjög einfalt í notkun.

Nauðsynlegt er að stofna notandaágang, það er hægt að gera með netfangi eða að tengjast í gegnum samfélagsmiðla. Bæði er hægt að nýta tilbúin stöðluð sniðmat sem og sérsníða sín eigin. Innan forritsins er mikið af ókeypis myndum en einnig er mögulegt að hlaða upp og nýta eigin myndir. Einnig er mögulegt að kaupa myndir teknar af ljósmyndurum og unnar af grafískum hönnuðum.

Forritið er hægt að nýta á fjölbreyttan hátt í skólastarfi og hentar það flestum skólastigum. Nokkrir þekktustu UT forkólfar í heiminum hafa tekið saman kennslufni og kennsluáætlanir sem hægt er að nýta. Má þar nefna [Monica Burns](#), [Steven Anderson](#) og [Vicki Davis](#). Auðvelt er að hlaða niður tilbúnum hönnunarverkum sem mynd eða PDF skjal einnig er einfalt að deila þeim á samfélagsmiðlum.

Ég hef nýtt Canva frá 2012 í kennslu, við undirbúning kennslu, við gerð kennslufnis og auglýsinga sem og í persónulegum tilgangi (jólakort, afmælisboðskort, fermingarboðskort o.fl.).

Dæmi um notkun:

- Plaköt
- Boðskort (fermingar, afmæli, brúðkaup ...)
- Aðgöngumiðar (skólaböll, árshátíðir ...)
- Happdrættismiðar
- Auglýsingar
- Infographic
- Bréfsefni
- Nafnspjöld
- Skjákynningar
- Rafbækur
- Logo
- O.fl.